



Nýframkvæmdaáætlun 2023 - Holtahverfi



Holtahverfi-norður

- Holtahverfi-norður er nýr þéttingarreitur í Holtahverfi á Akureyri, einu fallegasta svæði Akureyrar
- Landfræðilega er svæðið annars vegar klappir og hins vegar mýrar með slétt grastún þar á milli
- Þar er falleg vík innan um kletta sem steypast beint ofan í sjó, svæði sem kallast Sílabás. Ströndin þar er ein af fáum ósnertum ströndum innan Akureyrar og mun hún haldast ósnert
- Í austasta hluta svæðisins rís Hengingarklöpp sem er að hluta til skógi vaxin og verður útbúinn útsýnispallur þar
- Svæðið býður upp á útsýni til allra átta og er í návist við falleg útivistarsvæði, smábátahöfn, verslun og atvinnusvæði
- Ný útivistarsvæði munu bætast við eins og stígar, leiksvæði og útsýnisstaðir
- Á svæðinu eru til staðar nokkur íbúðarhús sem verða áfram í notkun

Holtahverfi-norður

- Áhersla er lögð á að skapa lágreista byggð í samspili við þær klappir sem einkenna svæðið. Með byggðarmynstri er reynt að skera á helstu vindáttir og mynda skjólsælt svæði á milli húsa, einnig er reynt að minnka skugga sem gæti fallið á garða
- Í skipulagi Akureyrarbæjar fyrir svæðið er lögð áhersla á að hönnun húsa sé vistvæn og endurnýtanleg efni séu notuð til byggingar.
- Áhersla er lögð á að vandað sé til hönnunar og efnisnotkunar með mismunandi efnum, uppbroti og óreglulegum hrynjanda húsveggja til að gera yfirbragð byggðarinnar fjölbreyttara
- Flestar nýbyggingar í Holtahverfi verða tveggja hæða en aðrar einnar til fjögurra hæða
- Svæðinu er skipt upp í 5 mismunandi svæði: (sjá mynd)
 - Svæði 1 er við núverandi byggð í Miðholti og Stafholti.
 - Svæði 2, 3 og 4 eru ný byggð út frá Krossanesbraut.
 - Svæði 5 er svo atvinnusvæði við Hlíðarbraut





Holtahverfi- norður

- Fyrstu verkin í hverfinu voru jarðvegsskipti, lagnavinna, götulýsing og landmótun og hófust framkvæmdir 25. janúar 2022
- Framkvæmdasvæðið er að mestu klapparholt og mói með nokkurri trjárækt og í talsverðum halla
- Gert er ráð fyrir um 330 nýjum íbúðum og að í hverfinu fullbyggðu muni búa um 800 íbúar
- Fyrirhugað er útboð á framkvæmdum við Krossanesbraut og leiksvæði haustið 2023
- Í sumar fer af stað malbikun við húsagötur, hluta af stígum og stéttum



Leiksvæði og útivistarsvæði


- Tvö ný leiksvæði verða sett upp í hverfinu ásamt almennum útivistarsvæðum og útsýnispöllum
- Á myndinni til hliðar er búið að merkja inn þau helstu
- Þau eru enn á byrjunarstigi hönnunar og verða boðin út
- Stofnstígur gangandi og hjólandi verður um svæðið





Græn svæði

- Nokkur græn svæði verða í Holtahverfi en græn svæði viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika og jafnvægi í vistkerfinu
- Þau skapa líka aðlaðandi umhverfi og aðstöðu til útivistar
- Áhersla er lögð á að vernda klappir og skóglendi á svæðinu eins og ströndina innan hverfisins sem er ein síðasta ósnortna ströndin innan deiliskipulagsins

Leiksvæði milli Miðholts og Undirhliðar



Útsýnisstaðir



Sjávarklappir



Kríugerðisklöpp



Hengingarklöpp